

**Fundargerð 70. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.**

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 21. janúar 2015 kl 9.00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson

**Dagskrá fundar**

## 1. Bréf og tillögur til ráðherra vegna úthlutunar 2015

Smávægilegar breytingar gerðar á lokalista yfir styrkþega. Rökstuðningur með bréfi yfirfarinn og samþykktur. Birni falið að nefna í bréfi til ráðherra að fyrir utan þau verkefni sem fengu styrk hefðu verkefni fyrir 250 M verið frambærileg og styrkhæf að áliti stjórnar FF en ekki sé unnt að gera tillögu um styrki til þeirra verkefna að þessu sinni, miðað við þá fjármuni sem voru til úthlutunar.

## 2. Óskir um breytt mótframlag vegna Húnaþings vestra, Sveitarfélagsins Ölfuss, Norðurþings og Djúpavogshrepps.

Stjórnin leggur til við ráðherra að verkefni við Hvítserk fái styrk upp á kr. 9.500.000,- og fallið sé frá kröfu um 50% mótframlag.

Birni er falið að kanna betur stöðuna í Reykjadal þar sem skv. yfirliti er búið að skila lokaskýrslum fyrir alla fyrri styrki.

Stjórnin leggur til við ráðherra að falli verði frá kröfu um mótframlag fyrir styrk 13-236, Raufarhöfn - áfangastaður ferðamanna allt árið en ítrekar það jafnframt að styrkurinn sé skilyrtur við framkvæmdir við heimskautsgerðið.

Vísað er í bréf dags. 16.12.2014 þar sem óskað er eftir að fallið sé frá kröfu um mótframlag við styrk 14-007 vegna deiliskipulags Teigarhorns (FF6) og jafnframt sé styrksupphæð aukin. Vegna sérstakra aðstæðna á svæðinu leggur stjórnin til við ráðherra að fallið verði frá kröfu um mótframlag og af þeirri ástæðu verði veittur viðbótarstyrkur að upphæð kr. 9.000.000,- sem tekið er af ónýttum eftirstöðvum úr fyrri styrkveitingum.

## 3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Fundur boðaður 3. febrúar kl. 9

Fundi slitið kl. 10.10

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

